

**Ársfundur Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna
haldinn miðvikudaginn 6. maí 2015 kl. 15 í húsakynnum FÍA
Hlíðasmára 8, Kópavogi.**



Sturla Ómarsson stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs FÍA setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Hafsteinn Pálsson formaður FÍA yrði kosinn fundarstjóri. Tillagan var samþykkt.

Hafsteinn tók til máls og gerði tillögu um að Rut Valgeirsdóttir Eignastýringu Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lagði til að liðirnir um ársreikninginn og fjárfestingarstefnuna yrðu tekin saman og á eftir honum yrði farið yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Ekki voru gerðar athugasemdir. Fundurinn var því lýstur lögmaður og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Sturla Ómarsson stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar.

Sturla greindi frá því að síðasta rekstrarár EFÍA, árið 2014 hefði verið gott. Hrein raunávöxtun sjóðsins á árinu var 5,33% sem er ofar en það lögbundna 3,5% viðmið sem lífeyrissjóðum er sett. Fimm ára raunávöxtun sjóðsins er einnig yfir settu viðmiði eða 5,45%.

Sturla fór yfir eignasafn sjóðsins, sem stendur traustum fótum. Í árslok 2014 nam hrein eign sjóðsins um 25,4 milljörðum króna sem er hækkun um tæpa 2 milljarða.

Sturla sagði frá tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins en hún væri jákvæð um 1,2% sem er hækkun frá fyrra ári. Helsta ástæða bættrar stöðu er góð ávöxtun á árinu og lítil verðbólga.

Sturla greindi frá því að EFÍA væri enn þátttakandi í samstarfi fjögra lífeyrissjóða um skiptingu örorkuáhættu þar sem sjóðurinn hefur ekki náð því lögbundna lágmarki að vera með 800 sjóðfélaga sem greiða í sjóðinn. Flugmönnum er að fjölga en líklega mun sjóðurinn ekki ná því lágmarki í bráð. Sturla fór yfir hvaða sjóðir eru þáttakendur í samstarfinu en það eru: EFÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga, Lífeyrissjóður Tannlækna og Íslenski lífeyrissjóðurinn.

Sturla sagði frá því að erlendar eignir sjóðsins væru rétt um 7% af eign sjóðsins en meðaltal íslenskra lífeyrissjóða er 25%. Eign sjóðsins í erlendum eignum er því frekar lág.

Rekstrarkostnaður sjóðsins var 0,24% af heildareignum í lok árs, lækkar lítillega miðað við fyrra ár. Vegna þess hve sjóðurinn er lítill má þetta teljast ásættanlegt en þó má alltaf gera betur. Af rekstrarkostnaði eru opinber gjöld tæplega 10%.

Sturla fór yfir það að núverandi ríkisstjórn ætlar að leggja niður framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrgði til lífeyrissjóða. Einnig verður framlag ríkisins til VIRK endurhæfingasjóðs lagt niður.

Sturla fór yfir áhrif hækkandi lífaldurs á skuldbindingar sjóðsins. Á næsta ári verða teknar í notkun nýjar töflur um lífslíkur þegar tryggingafræðileg staða sjóðsins er skoðuð. Hingað til hefur verið notast við meðaltal síðustu þriggja ára en nú á að notast við spá um framtíðarlífslíkur. Þetta mun verða til þess

HAR.
RV

að skuldbindingar sjóðsins munu hækka. Leiðir til að bregðast við því er að hækka iðgjöld, skerða réttindi eða hækka eftirlaunaaldur.

Sturla sagði frá því að samskipti við sjóðfélaga væri mikilvægur þáttur í rekstri lífeyrissjóðs. Heimasíða sjóðsins er lifandi og hvatti Sturla sjóðfélaga til að skoða hana reglulega. Þar væri einnig að finna reiknivél þar sem hægt er að bera saman greiðslur í séreign og samtryggingu ásamt fréttabréfum og fleiru.

Sturla þakkaði meðstjórnendum sínum í stjórn fyrir gott samstarf og starfsmönnum Arion banka og nefndi þá Jón L. Árnason framkvæmdarstjóra EFÍA og Marínó Örn Tryggvason forstöðumann eignarstýringar sérstaklega.

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar. Þær voru engar.

2. Ársreikningur 2014

Jón L. Árnason framkvæmdarstjóri EFÍA fór yfir ársreikning sjóðsins 2014.

Ársreikningurinn er settur upp með hefðbundnu sniði. Engar breytingar frá fyrra ári. Fjármálasvið Arion banka fullgerði ársreikninginn eins og árið 2013 og endurskoðandi sjóðsins endurskoðaði hann.

Jón fór yfir að iðgjöld inn í sjóðinn sem hafa hækkað um 7,4% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum hafa lækkað lítilega eða um 2,6%. Fjárfestingartekjur hafa lækkað um 44,4% sem að miklu leyti stafar af lægri verðbólgu. Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum voru 3,4 milljarðar. Hrein eign sjóðsins hækkaði um tæplega 2 milljarða á árinu miðað við rúmlega 3 milljarða árið 2013. Jón fór yfir að kostnaður við tryggingafræðilega úttekt hefði lækkað milli ára ásamt kostnaði við endurskoðun.

Samkvæmt tryggingafræðilegu mati eru eignir umfram skuldbindingar 470 milljónir eða 1,2% af skuldbindingum sjóðsins. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga á árinu var 572 sjóðfélagar og meðalfjöldi lífeyrisþega var 181. Hrein raunávöxtun á árinu var 5,33%. Meðaltal hreinnar raunávöxtun síðastliðin fimm ár var 5,45% og síðustu tíu ár var hún 1,46%.

Marínó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka tók næst til máls. Marínó fór yfir þróun markaða árið 2014.

Marínó fjallaði um ávöxtun sjóðsins og hvernig eignasafnið er samsett. Nafnávöxtun ársins 2014 var 6,4% og raunávöxtun 5,3% á kaupkröfu. Nafnávöxtun var 6,3% og raunávöxtun 5,2% á markaðsvirði. Marínó fór yfir sundurbrot ávöxtunar í hverjum eignarflokki fyrir sig. Því næst fór hann yfir samanburð á innlendum skuldabréfum EFÍA gagnvart helstu skuldabréfasjóðum. Einnig var farið yfir samanburð á innlendu hlutabréfasafni EFÍA gagnvart helstu hlutabréfasjóðum. Farið var yfir meðaltal raunávöxtunar miðað við árslok 2014 og hreina raunávöxtun tryggingadeilda á árinu 2014. Marínó fór yfir erlendar eignir sjóðsins. Ástæða fyrir lægri ávöxtun í en hjá þeim sjóðum sem bestum árangri náðu á árinu er sú að eignasafn sjóðsins í erlendum eignum er lágt. Hlutfall eigna í erlendum eignum hefur mikið að segja um ávöxtun sjóða árið 2014. Því næst fór Marínó yfir eignasamsetningu sjóðsins. Farið var nánar yfir eign sjóðsins í Ícelandair. Farið var yfir sundurliðun skuldabréfa og innlendra hlutabréfa og fjárfestingar sjóðsins árið 2014 ásamt þróun markaða fram til 30. apríl 2015.

HAR
RV

3. Fjárfestingarstefna

Marinó Örn Tryggvason fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Markmið fjárfestingarstefnunnar breytist lítið. Markmið um eign í ríkisskuldabréfum lækkar úr 50% í 42%. Markmið um eign í hlutabréfum hækkar úr 17% í 25%. Sjóðurinn er með hærra hlutfall eigna í innlendum hlutabréfum en aðrir lífeyrissjóðir en er á móti með minni eign í erlendum hlutabréfum.

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar.

Ámundi Ólafsson: „Hvernig eru þau tryggingafélög sem fjárfest var í valin? Ég óska eftir útskýringum á liðunum *Umsýslukostnaður til Arion banka hf. og Annar skrifstofu- og stjórnarkostnaður* í skýringu 12 í ársreikningi sjóðsins.“

Marinó Örn Tryggvason svaraði: „Talið var að VÍS væri á góðu verði. VÍS var ekki keypt frekar en önnur tryggingafélög. Þetta byggist á mati á verði og framboði á markaði á hverjum tíma“

Sturla Ómarsson svaraði: „Umsýslukostnaður til Arion banka er kostnaður við að reka sjóðinn. Sjóðurinn er ekki með neina starfsmenn á launum. Allir starfsmenn sem sinna verkefnum fyrir sjóðinn eru starfsmenn Arion banka. Undir öðrum skrifstofukostnaði er að finna kostnað sem fellur ekki undir rekstrarsamning við Arion banka, eins og vegna stjórnendatryggingar, árgjald til Landssamtaka lífeyrissjóða, auglýsingakostnað við ársfund, og kostnað vegna þess að leysa þurfti eign vegna láns til sjóðsins.“

Ámundi Ólafsson: „Er möguleiki á að setja rekstur sjóðsins í útboð?“

Sturla Ómarsson svaraði: „Rekstur sjóðsins var settur í útboð árið 2011 og í kjölfarið var rekstur hans fluttur til Arion banka.“

Sigríður Einarsdóttir: „Takk fyrir góða kynningu. Fjárfestingar sjóðsins í erlendum bréfum er lítil. Sjóðurinn átti greinilega litla erlenda eign fyrir hrún. Hvers vegna?“

Marinó Örn Tryggvason svaraði: „Ég er sammála þér. Lífeyrissjóðir almennt ættu að eiga hærri eign í erlendum bréfum. Gjaldeyrishöftin eru stór hindrun.“

Sturla Ómarsson: „Sjóðurinn flutti eignir í skuldabréf og það sem sjóðurinn tapaði var meira og minna allt í skuldabréfum en ekki í hlutabréfum. EFÍA var eini lífeyrissjóðurinn sem hafnaði því að erlendar eignir yrðu fluttar heim.“

Davíð Davíðsson: „Hver er stefna sjóðsins í sambandi við hlutabréfasjóði? Væri ekki betra að sjóðurinn fjárfesti beint í hlutabréfum í stað hlutabréfasjóða?“

Marinó Örn Tryggvason svaraði: „Innlend hlutabréfaeign sjóðsins er bæði eign í sjóðum og einstökum bréfum. Horft er í gegnum sjóðina. Þessi stefna hefur gengið vel undarfarin ár.“

Ámundi Ólafsson: „Sjóðurinn á ekki mikið af ríkisskuldabréfum. Hvað eru íbúðarbréf? Er það íbúðalánasjóður?“

Marinó Örn Tryggvason svaraði: „Þrjú stærstu ríkisskuldabréfaflokkarnir eru: RB óverðtryggð, RS verðtryggð og bréf íbúðarlánasjóðs. Sjóðurinn fjárfestir í öllum gerðum af ríkisskuldabréfum. Ríkisábyrgð er á bréfum íbúðarlánasjóðs. Unnið hafa verið mörg lögfræðiálit varðandi það.“

HMP
RV

Ámundi Ólafsson: „Afhverju eru bréfunum í Íbúðarlánasjóði ekki breytt í ríkisskuldabréf?“

Marínó Örn Tryggvason svaraði: „Bréfin hafa verið metin sem góður kostur.“

4. Tryggingafræðileg staða

Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur fór yfir tryggingafræðilega athugun á sjóðnum fyrir árið 2014. Vigfús útskýrði í stuttu máli hvað fælist í tryggingafræðilegri úttekt. Hlutverk tryggingastærðfræðings er að reikna út hvað sjóðurinn þarf að eiga miklar eignir til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er jákvæð.

Vigfús fór yfir úttekt sjóðsins í árslok 2014, breytingar á áfallinni skuldbindingu, núvirði framtíðartekna og skuldbindingar eftir aldri sjóðfélaga. Áfallin staða sjóðsins er jákvæð en framtíðarstaða sjóðsins er neikvæð. Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 1,2%

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar.

Sigríður Einarsdóttir: „Er krafa á lífeyrissjóðina að ná 3,5% ávöxtun í reglugerð?“

Vigfús Ásgeirsson svaraði: „Staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur eru þær að ávöxtun sé 3,5%. Ástæðan fyrir því er að við trúum því að þetta náist. Lífeyrissjóður hafa bara þá skyldu að fjárfesta sem best, 3,5% ávöxtun er ekki ávöxtunarkrafa á lífeyrissjóðina.“ Vigfús fór einnig yfir það að framlag í samtryggingu þurfi að vera þannig að ellilífeyrir sjóðfélaga muni vera a.m.k. 56% af meðallaunum miðað við að greitt sé inn í lífeyrissjóðinn á aldrinum 25-65 ára

Jón Karl Snorrason: „Er í lögum um lífeyrissjóði að sjóðurinn eigi að geta staðið við skuldbindingar sínar ef ekki yrði greitt meira í sjóðinn.“

Vigfús Ásgeirsson svaraði: „Við tryggingafræðilega úttekt er geta sjóðsins til að standa við áfallna skuldbindingu metin. Þ.e. þar er skoðað hvort að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar er ef ekki yrði greitt meira í sjóðinn.“

5. Skipun stjórnar og stjórnarlauna

Sturla stjórnarformaður fór yfir skipun stjórnar, Samkvæmt samþykktum sjóðsins þá eru stjórnarmenn tilnefndir, 3 af hálfu FÍA og 2 af hálfu atvinnurekenda. Jafnframt skal skipa jafn marga varamenn. Tillaga þessara aðila er að stjórnin verði óbreytt en ein breyting er á varamönnum, Inga Lára Gylfadóttir kemur inn í stað Lindu Gunnarsdóttur.

Af hálfu FÍA:

- Sturla Ómarsson
- Geirprúður Alfreðsdóttir
- Kristján Egilsson

Af hálfu atvinnurekanda:

- Bogi Nils Bogason
- Kristín Björg Eysteinsdóttir

MMP
RV

Varamenn:

- Úlfar Henningsson
- Inga Lára Gylfadóttir
- Guðlaugur Sigurðsson
- Hlynur Elísson
- Íris Þórisdóttir

Stjórnin leggur til að halda stjórnarlaunum óbreyttum frá fyrra ári. Launin eru óbreytt frá árinu 2006.

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar. Þær voru engar.

6. Val endurskoðanda

Sturla tók til máls og greindi frá því að að stjórnin legði til áframhaldandi samvinnu við PWC. Sá sem hefur séð um endurskoðunina þar er Kristinn Freyr Kristinsson. Endurskoðunarnefnd sjóðsins gerði það einnig að tillögu sinni að halda áfram samvinnu við PWC.

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar.

Henning Bjarnason: „Afhverju borgar sjóðurinn laun til fulltrúa atvinnurekanda? Ég hef komið því á framfæri að mér finnst þetta óréttlátt og vil ítreka það á þessum fundi. Ég vil beina því til stjórnar að þó að launin hafi ekki hækkað þá eru þau nógu há. Á meðan ekki er hægt að leiðrétta skerðingar til sjóðfélaga þá finnst mér að ekki ætti að hækka launin. Það er búið að kaupa þjónustu banka til að sjá um rekstur sjóðsins“

Sturla Ómarsson svaraði: „Rekstraraðili sér meira um daglegan rekstur sjóðsins en áður. Stjórn hefur ákveðið að hækka ekki laun stjórn vegna þeirra skerðinga sem hafa verið. Stjórnarmenn atvinnurekanda vinna sína vinnu og ættu að fá greitt fyrir það.“

Hafsteinn Pálsson svaraði: „Þetta er bundið samningum við atvinnurekendur og hefur sjóðurinn notið góðs af þessum stjórnarmönnum.“

Henning Bjarnason: „Ég var í stjórn sjóðsins í 6 ár. Það eina sem þessir menn gerðu var að skrifa undir endurskoðaða reikninga. Gera þeir það ennþá?“

Sturla Ómarsson svaraði: „Þeir gera gagn og ættu að fá greitt fyrir það. Stjórn sjóðsins sat 11 formlega fundi árið 2014 og fjölmarga óformlega fundi.“

7. Tillögur stjórnar að samþykktarbreytingum

Sturla fór yfir tillögur stjórnar að samþykktarbreytingum. Tillögunum má skipta í þrjá flokka: tillögur að breytingum á makalífeyri, barnalífeyri og aðrar breytingar.

Makalífeyrir

Stjórn telur að forsendur hafa breyst gríðarlega frá því að samþykktir sjóðsins voru samþykktar. Helmingur af flugmönnum sem hafa ákveðið að greiða hluta af lágmarksiðgjaldi sínu í séreign. Tillaga stjórnar er að fara úr ævilöngum makalífeyri í tímabundinn makalífeyri. Greiddur verður fullur makalífeyrir í tvö ár og hálfur lífeyrir í þrjú ár eftir það. Lágmark samkvæmt lögum er að greiða

RV HASP

makalífeyri í tvö ár. Athuga skal að þetta hefur ekki áhrif á áunnin réttindi. Þetta mun leiða til þess að réttindatöflur munu hækka og ellilífeyrir mun hækka um allt að 10% hjá yngri sjóðfélögum.

Tryggvi Baldursson: „Fyrir utan þessa 10% hækkun á ellilífeyri er eitthvað annað sem mælir með þessari tillögu?“

Sturla Ómarsson svaraði: „Þessi breyting skilar sér strax til sjóðfélaga. Þessi tillaga er fyrst og fremst lögð fram vegna breyttra forsenda.“

Tryggvi Baldursson: „Þessi tillaga hefur komið upp áður. Er þörf að fara út í þessar breytingar?“

Sturla Ómarsson svaraði: „Þessi tillaga er ekki lögð fram til þess að bæta tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Þetta mun laga réttindatöflur sjóðsins og auka ellilífeyrisréttindi sjóðfélaga.“

Gylfi Jónsson: „Hvenær hætti sjóðurinn að horfa á réttindi sjóðfélaga sem sameign hjóna?“

Sturla Ómarsson svaraði: „Lífeyrissjóðseign er eign einstaklings, ekki sameign hjóna.“

Guðmundur Már Þorvarðarson: „Er þetta í takt við makalífeyri hjá öðrum sjóðum?“

Sturla Ómarsson svaraði: „Já, mjög fáir lífeyrissjóðir eru með ævilangan makalífeyri.“

Magnús Brimar Jóhannsson: „Það er aðeins einn sjóður sem veitir mökum ævilangan makalífeyri vegna þess hversu dýrt það er.“

Barnalífeyrir

Sturla fór yfir tillögu stjórnar á breytingum á barnalífeyri. Tillaga stjórnar er sú að barnalífeyrir verði 20.000 við örorku sjóðfélaga og 30.000 við andlát sjóðfélaga. Einnig er það tillaga stjórnar að barnalífeyrir sé greiddur til 20 ára aldurs í stað 24 ára aldurs og að hann falli niður þegar sjóðfélagi á örorku fer á ellilífeyri. Samkvæmt lögum er lágmarkslífeyrir um 13 þúsund og 18 þúsund og skal greiddur til 18 ára aldurs.

Sigríður Einarsdóttir: „Ég hefði viljað halda þessu til 24 ára.“

Davíð Davíðsson: „Ég hefði viljað sjá þetta lækkað til 18 ára með möguleika á áframhaldandi greiðslum til 20 eða 22 ára ef börn halda áfram námi.“

Aðrar breytingar

Sturla fór yfir tillögur stjórnar að öðrum breytingum. Þar er ekki um réttindabreytingar að ræða, bara verið að einfalda yfirlestur samþykktar og samræma orðalag.

Ámundi Ólafsson kom í pontu. Hann vill ekki minnka réttindi ekkja og barna. Hann vona að þessar breytingar verði settar í bið. Hann vill ekki að kosið verði um þetta skriflega.

Sturla Ómarsson svaraði: „Það eru skiptar skoðanir. Það verður ekki tekið neitt af ekkjum eða börnum. Öll áunnin réttindi halda sér. Allt sem er fyrir þessar samþykktir heldur sér. Framtíðarréttindi hækka. Samþykktir sjóðsins segja að alsherjaratkvæðagreiðsla skuli fara fram.“

*RV
HAR.*

Hafsteinn Pálsson svaraði: „Erum að horfast í augu við það að fólk fari í sambúð aftur og tilkynni það ekki og haldi því áfram að fá makalífeyri. Forsendur eru breyttar. Börnin verða einhverntíman fullorðin.“

Farið var yfir hvernig kosningum yrði háttað. Kosið verður um breytingatillögurnar í þremur hlutum, breytingu á makalífeyri, breytingu á barnalífeyri og aðrar breytingar. Samkvæmt samþykktum skal fara í allsherjaratkvæðagreiðslu. Í ár verður kosningin rafræn. Stefnt verður að kosningu í lok maí eða byrjun júní. **Ámundi** óskaði eftir því að kosið yrði um breytingarnar á ársfundinum. **Sturla** benti á að samþykktirnar heimiluðu það ekki.

Davíð Davíðsson: „Þessi tillaga hefði mátt vera lögð fyrir ársfund fyrr. Ég geri fastlega ráð fyrir að þetta verði samþykkt. Er pressa á sjóðinn að sameinast öðrum lífeyrissjóði vegna smæðar sjóðsins?“

Sturla Ómarsson svaraði: „Nei ég hef ekki fundið fyrir neinni pressu um að sameinast öðrum sjóði. Þegar sjóðurinn skipti um rekstraraðila árið 2012 var ýmislegt skoðað í tengslum við það.“

Geirprúður Alfreðsdóttir: „Ég vil segja ykkur frá mínu viðhorfi. Það hefur orðið breyting á landslaginu í sambandi við vinnuþátttöku maka. áður fyrr var það þannig að karlmaðurinn vann úti og konan heima. Það var tekið mið að því við gerð samþykktar sjóðsins. Í dag er maki flugmanns ekki jafn háður honum varðandi ellilífeyrisréttindi. Sú tillaga að greiða barnalífeyri til 20 ára aldurs var ákveðin með það í huga að þá ættu börnin að vera komin á háskólastig og eiga þá möguleika á námslánnum.“

Kristján Egilsson: „Ég vil að það komi fram að ég er hlynntur þeim tillögum að breytingum á samþykktum sem hafa komið fram.“

Hafsteinn Pálsson: „Hafa skal í huga að flugmenn eru vel líftryggðir og því ekki þörf á jafn háum maka- og barnalífeyri.“

8. Önnur mál

Fundarstjóri opnar fyrir spurningar.

Tryggvi Baldursson: „Ég vil þakka fyrir greinargóðar upplýsingar. Ég treysti stjórn sjóðsins og starfsmönnum Arion banka fyrir fjárfestingum sjóðsins. Ég vil taka fram að líklega hafa sjóðfélagar aldrei lennt í jafn miklu áfalli og þegar réttindin voru skert. Er möguleiki að leyfa bata sjóðsins að vera hægari og hækka greiðslur til ellilífeyrisþega? Hefur þessi hugmynd komið upp í stjórn sjóðsins?“

Vigfús Ásgeirsson svaraði: „Ef að það þarf að breyta réttindum sjóðfélaga vegna stöðu sjóðsins þá verður að breyta þeim hjá öllum sjóðfélögum, ekki er hægt að breyta þeim aðeins hjá þeim sem eru byrjaðir að fá greiddan út ellilífeyri. Tæknilega gæti stjórn sjóðsins lagt til að hækka réttindin þannig að staða sjóðsins færi í -5% eða -10%. Ég tel að Fjármálaeftirlitið muni gefa þeim samþykktarbreytingum neikvæða umsögn. Skuldbindingar lífeyrissjóðsins eru alltaf að hækka vegna aukins lífaldurs. Það stendur til að breyta lífeyrissjóðslögunum. Nú er það í lögum að lífeyrisréttindi skulu verða verðtrygð m.v. vísitölu neysluverðs. Mögulega verður breyting á því og gætu lífeyrissjóðir þá sett í samþykktir að á hverjum ársfundi er lögð fram tillaga um að hækka á lífeyrisgreiðslum.“

Sturla Ómarsson: „Það eru allir leiðir yfir stöðu sjóðsins og þeim skerðingum sem hafa orðið á lífeyrisréttindum. Við reyndum að hanga eins lengi og hægt var til að sleppa við skerðingar. Við getum ekki réttlætt að hækka réttindin eins og staða sjóðsins er í dag. Þetta hefur ekki komið upp í stjórn.“

*RUV
HMP.*

Hafsteinn Pálsson: „Allir sjóðfélagar í sjóðnum hafa orðið fyrir sömu skerðingum.“

Hallgrímur Viktorsson: „Er skerðingunum lokið?“

Sturla Ómarsson: „Ég vildi að ég gæti sagt það. Stærsta áskorunin er aukinn lífaldur. Það þarf að koma í ljós. Það er búið að gera upp hrunið algjörlega en það eru fleiri áskoranir.“

Davíð Davíðsson „Hefur verið rætt að hækka leyfilegan starfsaldur flugmanna?“


Hafsteinn Pálsson: „Þetta hefur verið rætt en ekki komið neitt áfram. Það kæmi mér á óvart ef hann yrði ekki hækkaður. Þó er engin vinna farin af stað varðandi þetta.“

Sturla Ómarsson stjórnarformaður þakkaði sjóðfélögum fyrir komuna.

Fundi var slitið kl. 17:40



Hafsteinn Pálsson
Fundarstjóri



Rut Valgeirsdóttir
Fundarritari